

EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	14.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Málning hf.	Eftirlitsmaður	Steinunn Karlsdóttir
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	360217,744 403405,653

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit og þrjár athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Almennur rekstur
- Mengunarvarnir
- Skráningar og skiladagar
- Verksmiðjan skoðuð

Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum, frá síðasta eftirliti utan endurnýjun búnaðar sem kominn var á tíma. Allt vinnsluferlið er óbreytt.

Þjálfun nýrra starfsmanna er þannig háttað að þeir fá að fylgja reyndari starfsmanni eftir um tíma og kynnist starfseminni. Nýir verkstjórar fara einnig á verkstjóranámskeið hjá Nýsköpunarmiðstöð. Öryggisblöð eru kynnt fyrir nýjum starfsmönnum og liggja alltaf frammi. Jafnframt eru þeim kynntar merkingar, þ.m.t. spilliefnamerkingar.

Rekstraraðili stefnir á að taka upp svansvottun fyrir vissa vöruflokka, ferlið er komið vel á leið og stefnt er á að því verði lokið fyrir áramót. Rekstraraðili er með innra eftirlit en ekki umhverfisstjórnunarkerfi.

Engar kvartanir bárust rekstraraðila eða eftirlitsaðila á árinu. Engin umhverfisslys voru skráð á árinu.

Kvittanir fyrir tæmingu á olúskilju og fellipró eru ekki fyrir hendi en að jafnaði eru þær tæmdar fjórum sinnum á ári. Minnt var á að samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi þarf að skrá tæmingu olúgildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis sem safnast saman í þeim.

Minnt var á að samkvæmt gr. 4.1 í starfsleyfi skal skrá yfir magn og gerð efnis sem sent er til spilliefnamóttöku ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðva vera aðgengilegt eftirlitsaðila. Rekstraraðili skráar einungis það magn spilliefna sem fer til móttökustöðvar og fær árlega heildar tölu fyrir öll spilliefnin.

Gengið var um útisvæði og það skoðað. Geymsluport og svæði fyrir hráefnistanka er girt af og aðgangur þannig takmarkaður. Áfyllingarplan er malbikað og þar er niðurfall sem tengt er við olúskilju. Á planinu er steypt lekavarnarþró um xylene og terpentínutanka.

Frávik frá

Gr. 4.1 í starfsleyfi

Lýsing á frávik

Skrá skal tæmingu olúgildra og setþróa ásamt staðfestingu á förgun efnis sem safnast saman í þeim. Slíkar skráningar voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við geymsluplan utandyra. Þar eru geymdir efnabambar en engin lekavörn er á planinu og komi rof á bambana þá á innihaldið greiða leið niður í niðurfall sem staðsett er í plani utan girðingar og þaðan í regnvatnskerfi bæjarfélagsins. Gerð er krafa um að lekavörn verði komið fyrir á planinu t.d. með því að steypa kant við enda plansins til að varna því að efni leki niður á næsta plan og þaðan í niðurfallið eða með öðrum leiðum sem eftirlitsaðili samþykkir.

Athugasemd er gerð við að efnabambar sem geymdir eru á útiplani snúa þannig að auðvelt er að ná í kranana utan girðingar og opna þá. Snúa þarf bömbunum þannig að óviðkomandi geti ekki átt við kranana.

Athugasemd er gerð við rusl sem liggur við olíuskilju, halda skal svæðinu snyrtilegu og gerð er krafa um að svæðið sé hreinsað sem allra fyrst.

ANNAÐ

Minnt er á að mæla þarf ryk í útblæstri fyrir árslok 2017 skv. gr. 3.5 og 4.3 í starfsleyfi og þar eftir á minnst fjögurra ára fresti. Rekstraraðili sagðist vera búin að panta mælinguna.

Minnt var á að undanþága til notkunar á metylenklóríði rennur út í maí 2018 en notkun þess hefur verið bönnuð frá því í desember 2011.

Rekstraraðili fékk ábendingu frá utanaðkomandi aðila um að rekstur Málningar hf. þyrfti ekki starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og ætlar hann að kannað það frekar. Jafnframt var rætt um hvort rekstraraðili gæti sótt um minnkað eftirlit og var honum bent á að sækja um það til eftirlitsaðila.

Reykjavík, 21.08.2017

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Steinunn Karlsdóttir